



Umræðuskjal

nr. 6/2011

Drög að leiðbeinandi tilmælum um skipan og störf
endurskoðunarnefnda eftirlitsskyldra aðila

EKKI Í GILDI

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með
fjármálastarfsemi.

9. júní 2011

I. Inngangur

Með lögum nr. 80/2008 um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 (ársreikningalög) var ákveðnum þáttum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikning, komið í framkvæmd hér á landi. Tilskipunin felur í sér töluvert auknar kröfur til endurskoðenda og endurskoðunarfyriertækja. Eitt helsta markmið hennar er að tryggja betur en áður að fjárfestar og aðrir hagsmunaaðilar geti reitt sig á gæði fjármálaupplýsinga og störf endurskoðenda. Talið er sérstaklega mikilvægt að tryggja slíkt hjá aðilum tengdum almannahagsmunum enda er kveðið á um það í tilskipuninni að strangari kröfur skuli gilda um endurskoðun þeirra. Breytingarnar á lögum um ársreikninga fólu í sér að við allar einingar tengdar almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefndin er eftirlitsnefnd og með því að kveða á um skipun slíkrar nefndar í lögnum er leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga viðkomandi einingar og óhæði endurskoðenda einingarinnar. Með lagabreytingunni var bætt við nýjum kafla, IX. kafli A, Endurskoðunarnefnd, með greinum 108. a. – 108. gr. d sem kveða á um skipun, hlutverk og störf endurskoðunarnefndar.

Fjármálaeftirlitið setur hér fram leiðbeinandi tilmæli um skipun endurskoðunarnefndar. Við gerð tilmælanna var horft til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureiknings, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/394/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE¹. Einnig var horft til tilmæla framkvæmdastjórnarinnar frá 15. febrúar 2005 um hlutverk stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmanna markaðsskráðra félaga svo og um stjórnarnefndir (eftirlitsstjórnarnefndir).²

II. Eining tengd almannahagsmunum

Eining tengd almannahagsmunum er skilgreind í 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008. Samkvæmt skilgreiningunni er um eftirtalda aðila að ræða:

- a. Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
- b. Lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi.
- c. Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- d. Félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi.

¹ Directive 2006/43/EC of the European Parliament and of the Council of 17 May 2006 on statutory audits of annual accounts and consolidated accounts, amending Council Directives 78/660/EEC and repealing Council Directive 84/253/EEC.

² Commission Recommendation of 15 February 2005 on the role of non-executive or supervisory directors of listed companies and on the committees of the (supervisory) board.

III. Skipun endurskoðunarnefnda

A. Lög um ársreikninga nr. 3/2006.

Samkvæmt 108. gr. a. ársreikningalaga ber stjórn ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar. Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Þá skulu nefndarmenn vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og meiri hluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður einingunni. Framkvæmdastjóri viðkomandi einingar skal ekki eiga sæti í nefndinni.

Endurskoðunarnefndir eru samkvæmt þessu ein undirnefnda stjórn. Stjórn ber ábyrgð á að endurskoðunarnefndin geti sinnt því lögbundna hlutverki sem henni er falið samkvæmt ársreikningalögum. Þá skal stjórn taka afstöðu til þess hve margir skuli skipa endurskoðunarnefndina en lágmarksfjöldi er þrjár einstaklingar. Við ákvörðun um fjölda nefndarmanna er nauðsynlegt að taka tillit til stærðar fyrirtækisins. Þá skal stjórnin ákveða æskilegustu samsetningu nefndarinnar og meta hana með reglulegu millibili með sérstakri áherslu á nauðsynlega reynslu nefndarmanna.

Sú lágmarkskrafa er gerð í lögum að a.m.k. einn nefndarmanna skuli hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Séu nefndarmenn fimm talsins telur Fjármálaeftirlitið að minnsta kosti tveir nefndarmanna skuli hafa slíka þekkingu. Þá skulu nefndarmenn samanlagt búa yfir nýlegri og viðeigandi reynslu og þekkingu af fjármálum og reikningsskilum sem hæfa starfsemi viðkomandi einingar.

Í lagaákvæðinu er gerð sú krafa að meiri hluti nefndarmanna skuli vera óháður einingunni. Sá skilningur er oftast lagður í óhæði að viðkomandi hafi hvorki náin tengsl við stjórnendur, ráðandi hluthafa né félagið sjálft.

Fjármálaeftirlitið lítur svo á að hugtakið „óháður einingunni“ feli m.a. í sér að viðkomandi sé ekki stjórnarmaður, starfsmaður eða ráðandi hluthafi einingarinnar. Jafnframt að ekki séu slík tengsl milli viðkomandi aðila og stjórnarmanna að ástæða sé til að draga óhæði hans í efa.

B. Tilskipun 2006/43/EB.

Í tilskipun 2006/43/EB kemur fram að aðildarríki skuli ákvarða hvort endurskoðunarnefndir skuli skipaðar stjórnarmönnum sem ekki eru framkvæmdastjórar, og/eða stjórnarmönnum í eftirlitsstjórn (e. supervisory board) aðilans og/eða fulltrúum sem eru tilnefndir á hluthafafundi aðilans sem er endurskoðaður. Þá er sett fram það skilyrði að a.m.k. einn nefndarmaður skuli vera óháður og hafa menntun og hæfi á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.³ Um svokallaða lágmarkstilskipun er að ræða sem þýðir að aðildarríkin geta gengið lengra í kröfum sínum við

³ Sjá 1. mgr. 41. gr. tilskipunarinnar.

innleiðingu hennar. Í lögum um ársreikninga kemur enda fram að meirihluti nefndarmanna skuli vera óháður einingunni.

Um hlutverk eftirlitsstjórna (e. supervisory board) er m.a. fjallað í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 15. febrúar 2005. Segir þar að meðal lykilverkefna eftirlitsstjórna sé annars vegar að tryggja að í fjárhagsskýrslum og öðrum tengdum upplýsingum frá félaginu komi fram nákvæm og heildstæð mynd af stöðu félagsins og hins vegar að hafa eftirlit með aðferðum við áhættumat og áhættustjórnun.⁴ Það kallast að stjórnin sé tvíþætt (e. two tiers board) í þeim félögum sem hafa félagsstjórn og eftirlitsstjórn.

C. Lög um hlutafélög nr. 2/1995.

Samkvæmt 73. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 er íslenskum hlutafélögum heimilt að ákveða í samþykktum sínum að auk félagsstjórnar skuli starfa fulltrúanefnd. Hluthafafundur kys slíka nefnd og skal með ákvæðum í samþykktum nánar kveða á um vald hennar og starfssvið. Í 3. mgr. 73. gr. segir að fulltrúanefndin skuli hafa eftirlit með því hvernig félagsstjórn og framkvæmdastjóri ráða málum félagsins, svo og láta aðalfundi í té umsögn um hvort samþykkja beri ársreikninga félagsins og tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar. Þá gefur fulltrúanefnd skýrslu um störf sín á aðalfundi.

Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 15. febrúar 2005 er fjallað um óháða eftirlitsstjórnarmenn. Fulltrúanefnd **Ekki í gildi** samkvæmt 73. gr. hlutafélagalaga er að mati Fjármálaeftirlitsins sambærileg slíkri eftirlitsstjórn (e. supervisory board). Óháður nefndarmaður fulltrúanefndar telst því að mati Fjármálaeftirlitsins óháður einingunni ef hann uppfyllir eftirfarandi skilyrði:⁵

- hann er ekki eða hefur verið framkvæmdastjóri einingarinnar eða samstæðunnar síðustu fimm ár
- hann er ekki eða hefur verið starfsmaður einingarinnar eða samstæðunnar síðustu þrjú ár
- hann þiggur ekki eða hefur þegið greiðslur frá einingunni, eða stjórnendum þess, til dæmis sem ráðgjafi eða verktaki, síðustu þrjú ár
- hann er ekki einn af stjórnendum í öðru félagi sem er eða hefur verið í umtalsverðum viðskiptum við eininguna, til að mynda sem viðskiptavinur, birgir eða samstarfsaðili
- hann er ekki einn af stjórnendum félags þar sem einn af stjórnendum þess situr sem stjórnarmaður í einingunni
- hann hefur hvorki beint né óbeint yfirráð yfir einingunni
- hann er ekki eða hefur verið starfsmaður aðila sem hefur yfirráð yfir einingunni síðustu þrjú ár

⁴ Sjá 14. lið tilmælanna.

⁵ Í samræmi við II. Viðauka við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 15. febrúar 2005.

- hann þiggur ekki eða hefur þegið greiðslur frá aðila sem hefur yfirráð yfir einingunni, eða stjórnendum hans, fyrir utan stjórnarlaun, til dæmis sem ráðgjafi eða verktaki, síðustu þrjú ár
- hann á ekki verulegan hlut í einingunni
- hann er ekki eða hefur verið starfsmaður aðila sem á verulegan hlut í einingunni síðustu þrjú ár
- hann á ekki í miklum viðskiptum við eða hefur mikilla viðskiptahagsmuna að gæta í einingunni
- hann hefur ekki verið endurskoðandi, meðeigandi eða starfsmaður núverandi endurskoðanda eða endurskoðendafélags einingarinnar síðustu þrjú ár.
- hann er ekki þátttakandi í árangurstengdu umbunakerfi hjá félaginu.
- hann þiggur ekki eða hefur þegið greiðslur frá aðila sem á verulegan hlut í félaginu, eða stjórnendum hans, til dæmis sem ráðgjafi eða verktaki, síðustu þrjú ár.
- hann er ekki tengdur nánum fjölskylduböndum ráðgjöfum, stjórnarmönnum eða stjórnendum einingarinnar.

D. Nánar um óhæði.

Samkvæmt öllu framansögðu skal **Ekki í gildi** hluti nefndarmanna endurskoðunarnefndar hvorki skipaður stjórnarmönnum einingarinnar, starfsmönnum einingarinnar, fulltrúanefndarmönnum sem teljast háðir einingunni eða ráðandi hluthafar einingarinnar né einstaklingum sem eru tengdir þessum aðilum nánum fjölskylduböndum.

Óháður nefndarmaður skal skuldbinda sig til að viðhalda óhæði sínu að því er varðar greiningu, ákvarðanatöku og aðgerðir við allar aðstæður. Þá skal hann skuldbinda sig til að sækjast ekki eftir eða taka á móti óeðlilegum ávinningi sem gæti stofnað óhæði hans í hættu og til að láta álit sitt greinilega í ljós ef hann telur að ákvörðun stjórnar geti skaðað félagið.

Segi nefndarmaður starfi sínu lausu skal hann skýra frá ástæðum þess í bréfi til stjórnarinnar eða endurskoðunarnefndarinnar.

IV. Hlutverk endurskoðunarnefnda

Hlutverk endurskoðunarnefndar kemur fram í 108. gr. b. ársreikningalaga. Samkvæmt ákvæðinu er nefndinni falið ákveðið hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði. Framangreindir aðilar geta því ekki framselt ábyrgð sína á þeim verkefnum sem undir þá heyra til endurskoðunarnefndar þrátt fyrir að endurskoðunarnefnd sé falin þau samkvæmt ákvæðinu.

Í ákvæðinu koma fram þau lágmarksverkefni sem endurskoðunarnefnd ber að sinna en þau eru:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

Nánar tiltekið ætti nefndin m.a. að fjalla um eftirfarandi atriði:

- Hafa eftirlit með trúverðugleika fjármálaupplýsinga sem einingin lætur í té, m.a. með því að athuga hvort reikningsskilaaðferðir sem einingin og samstæðan, sem hún er hluti af, notar séu viðeigandi og samræmdar (þ.m.t. viðmiðanir fyrir samstæðureikningsskil félaga í samstæðunni).
- Meta a.m.k. árlega kerfi innra eftirlits- og áhættustýringar í því skyni að greina, stýra og lýsa mikilvægustu áhættunum á viðunandi hátt (þ.m.t. áhættu sem tengist því að gildandi lög og reglur séu ekki virt).
- Að tryggja að innri endurskoðun sé skilvirk, einkum með því að setja fram tillögum um val, tilnefningu, nýja skipan eða uppsögn forstöðumanns innri endurskoðunardeildar og fjárhag deildarinnar og með því að hafa eftirlit með viðbrögðum stjórnarinnar við niðurstöðum og tillögum endurskoðunardeildarinnar.
- Beina tilmælum til stjórnar einingarinnar varðandi val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.
- Hafa eftirlit með óhæði og hlutlægni ytri endurskoðanda/endurskoðunarfyrtækis.
- Hafa eftirlit með skilvirkni ytri endurskoðunar og viðbrögðum stjórnar einingarinnar við tillögum sem koma fram í skýrslu ytri endurskoðanda til stjórnar.
- Vera aðaltengiliður milli innri og ytri endurskoðenda.
- Nefndin skal upplýst um starfsáætlun innri endurskoðanda og fá afhentar skýrslur um innri endurskoðun eða samantekt með reglulegu millibili.
- Nefndin skal upplýst um starfsáætlun ytri endurskoðanda og skal hann leggja skýrslu fyrir nefndina þar sem lýst er öllum tengslum milli óháðs endurskoðanda og einingarinnar og samstæðunnar sem einingin er hluti af. Nefndin skal tímanlega fá upplýsingar um öll mál sem endurskoðandinn vekur athygli á.
- Nefndinni skal frjálst að leita ráða og aðstoðar frá utanaðkomandi sérfræðingum, lögfræðingum eða endurskoðendum eins og hún metur nauðsynlegt til að sinna skyldustörfum sínum.
- Nefndin skal hafa eftirlit með því hvort einingin hafi til staðar kerfi fyrir starfsmenn til að tilkynna grun um verulega óreiðu hjá félaginu og skal hún stuðla að því að til staðar sé fyrirkomulag og viðunandi verklag til að bregðast við í því sambandi.

- Nefndin skal gefa stjórninni skýrslu um starfsemi sína a.m.k. einu sinni á sex mánaða fresti í tengslum við samþykkt á ársuppgjöri eða hálfársuppgjöri.
- Nefndin skal senda fundargerðir sínar til stjórnar til upplýsingar og umfjöllunar.

Endurskoðunarnefnd skal setja sér starfsreglur þar sem fjalla skal um framangreint auk þess hverjir sitji fundi nefndarinnar, hvernig skuli haga ritun fundargerða og hvernig samskiptum við stjórn, stjórnendur og ytri og innri endurskoðenda skuli háttað og hvernig óháðir nefndarmenn skulu standa að því að staðfesta óhæði sitt árlega. Endurskoðunarnefnd á rétt á því að hitta og eiga samskipti við alla þá aðila sem hún telur nauðsynlegt án þess að framkvæmdastjórar séu viðstaddir.

V. Skyldur stjórnar einingarinnar.

Þegar stjórn tekur ákvörðun um hverja skal skipa í endurskoðunarnefnd skal ákvörðunin rökstudd með skriflegum hætti í fundargerð. Stjórn einingarinnar skal útbúa erindisbréf handa endurskoðunarnefnd þar sem koma skal fram hvert hlutverk nefndarinnar er, hvernig skipað er í hana og ákveðin lágmarksskilyrði um það hvenær nefndin skuli koma saman, hvernig fundargerðum skuli hagað og hvernig nefndin skuli koma tillögum sínum og tilmælum til stjórnar.

Ekki í gildi

Þá skal stjórn bjóða nýjum nefndarmönnum upp á kynningaráætlun og skal henni fylgt eftir með þjálfun eftir því sem aðstæður krefjast. Einkum skal veita öllum nefndarmönnum nákvæmar upplýsingar um reikningsskil félagsins ásamt fjárhagslegum- og rekstrarlegum þáttum.

Stjórn ber að sjá til þess að innan einingarinnar séu til staðar verkferlar sem lýsi því hvernig vinna skal úr þeim ábendingum og athugasemdum sem berast frá endurskoðunarnefnd.

Stjórn skal árlega endurskoða skipan endurskoðunarnefndar og þá einnig rökstuðning sinn fyrir skipan hennar.